

1. Gjaldskrá Rafveitu Eyrarbakka, Stokkseyrar, Hveragerðis og Selfoss nr. 410 17. nóvember 1977 hækkun um 14%.
2. Gjaldskrá Rafveitu Akraness nr. 160 29. mars 1977.
Taxtar A. B. og C. í gjaldskránni hækki um 21%.
Taxti D. í gjaldskránni hækki um 15%.
Mælaleiga og heimtaugagjöld hækki um 25%.
3. Gjaldskrá Rafveitu Miðneshrepps nr. 95 9. febrúar 1977 hækki um 22%.
4. Gjaldskrá Rafveitu Grindavíkur nr. 153 14. mars 1977 hækki um 22%.

Iðnaðarráðuneytið, 29. desember 1977.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

14. desember 1977.

Nr. 462.

Staðfesiing forsetans á skipulagsskrá fyrir Nórusjóð, útgefin á venjulegan hátt ad manatum af dómsmálaráðherra 14. desember 1977.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Nórusjóð.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Nórusjóður. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnendur sjóðsins eru félagar í Kattavinafélagi Íslands. Stofnfé er kr. 100 000.00, sem er fyrsta tryggin í sjóðinn, gefin til minningar um köttinn Nóru.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að leggja fram fé til stofnunar kattheimilis í Reykjavík, sem stofnsett verður og starfrækt af Kattavinafélagi Íslands, og styðja rekstur þess ef með þarf. Ekki er heimilt að verja fé úr sjóðnum til annars, fyrr en rekstur þess heimilis er að fullu tryggður. Þá fyrst og fyrr ekki er heimilt að verja úr sóðnum fé til stofnunar á kattheimili annars staðar og stuðnings á rekstri þess, uns hann er að fullu tryggður, og svo áfram, ef Kattavinafélagi Íslands þykir við þurfa.

Eingöngu má verja fé sjóðsins til Kattaheimilis, sem stofnsett er og rekið af Kattavinafélagi Íslands og aldrei nema til eins í einu, samkvæmt framansögðu.

4. gr.

Stjórn Kattavinafélags Íslands fer með stjórn sjóðsins samkvæmt skipulagsskrá þessari og má ekki útaf breyta.

Endurskoðandi skal vera löggiltur.

5. gr.

Tekjur sjóðsins eru gjafir, áheit, tekjur af kortasölu og öðru því, sem félagar og aðrir velunnarar kunna að gera til fjáröflunar, auk vaxta. Heimilt er að verja öllum

tekjum sjóðsins samkvæmt skipulagsskrá þessari, en engu á annan hátt. Stofnfé má ekki hreyfa.

Reikningsár telst almanaksár.

6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

AUGLÝSING

um staðfestingu á uppdrætti að legu Garðskagavegar frá mörkum Gerðahrepps að Tjarnargötu í Sandgerði.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þ. 22. þ. m. staðfest uppdrátt að legu Garðskagavegar frá mörkum Gerðahrepps að Tjarnargötu í Sandgerði.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Miðneshrepps og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 23. desember 1977.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.